



Norræna
ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2022

Samantekt

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Viðræður við Norðurlandaráð og samkomulag um fjárhagsáætlun	4
Fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar 2022	6
Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu 2022	9
Eftirfylgni við árangur og matsgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni	13
Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna	14
Þróun fjárhagsáætlana og lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar	16
Yfirlit yfir liði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	20
Fylgiskjal	27
Um ritið	29

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu: <https://pub.norden.org/politiknord2022-713>.

Fjárhagsáætlun ársins 2022 stuðlar að góðum árangri „Framtíðarsýnar okkar 2030 – Norðurlöndin sjálfbærasta og sambættasta svæði heims“

Hugmyndin um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og sambættasta svæði heims varðar leiðina í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á komandi árum. Við eigum að leggja okkar af mörkum til stefnumótunar og lausna sem skipa Norðurlöndum í forystu um græn umskipti, félagslega sjálfbærni og samkeppnishæfni.

Framkvæmdaáætlunin 2021–2024 er það skjal sem stjórnun, þróun og eftirfylgni við mikilvægustu verkefni okkar grundvallast á. Hún er einnig leiðarljós í viðleitni minni að efla þverlægt samstarf fagsviðanna. Markmiðin tólf í framtíðarsýninni leggja okkur þær skyldur á herðar að skila áþreifanlegum og skýrum árangri sem dýpkar og fjörgar norrænt samstarf. Haustið 2022 verður fyrsta matsskýrslan að liðnu hálfu tímabili kynnt fyrir forsætisráðherrunum.

Þær áætlanir um verkefni og fjárhag fyrir árið 2022 sem hér eru til umfjöllunar eru liður í fjárhagsáætlunargerð Norrænu ráðherranefndarinnar til langs tíma eða til ársins 2024 og er þetta annað árið sem slíkt verklag er viðhaft. Fjármunir verða færðir milli sviði í áföngum milli árana 2021 og 2024 samkvæmt metnaðarfullri áætlun í því skyni að ná markmiðunum tólf. Þegar breytingarnar eru gengnar í gegn árið 2024 hafa um það bil 170 milljónir danskra króna verið fluttar til. Svarar það til rúmlega 1/6 af heildarfjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar en hún nemur um einum milljarði danskra króna.

Norræna ráðherranefndin vann áfram að því árið 2021 að tryggja skilvirka umsjón norræna samstarfsverkefna. Á því verður einnig framhald 2022 og verður fjármagni veitt til að styrkja fjármála- og verkefnastjórnina á árinu.

Haft var samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlunargerðina 2022 og hafa tillögur þess haft mikið vægi í ferlinu. Gott og stefnumarkandi samráð helstu aðila norræns samstarfs eykur líkur á að markmiðum framtíðarsýnarinnar verði náð.

Fjárhagsáætlunin fyrir árið 2022 færir okkur enn nær markmiðunum sem Norræna ráðherranefndin setti sér með framtíðarsýninni og samstarfinu árin 2021–2024. COVID-19 lagði fyrir okkur nýjar áskoranir og þrautir árið 2021 en þær hafa einnig fært okkur heim sanninn um nauðsyn á norrænu sjónarhorni og samstarfi þvert á landamærin. Norrænt samstarf hefur mikilvægu hlutverki að gegna við endurreisn efnahagsins sem þá getur stuðlað að bættu umhverfi, félagslegri sjálfbærni og grænum umskiptum.



Paula Lehtomäki
Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Viðræður við Norðurlandaráð og samkomulag um fjárhagsáætlun

Haustið 2021 fóru fram pólitískar viðræður milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlunartillögu ráðherranefndarinnar 2022. Samkomulag náðist um neðangreindar breytingar sem nema 15,1 millj. da.kr.

- MR-SAM veiti **6,5 millj. da.kr.** til markvissra aðgerða á sviði menningarmála, m.a. fyrir tilstilli samnorræna styrkjakerfa fyrir menningarmál og samnorrænar menningarstofnanir, sem eiga að stuðla að samþættingu Norðurlanda. Þetta er gert í kjölfar heimsfaraldursins þar sem lokið landamæri og takmarkanir í löndunum hafa skapað ríka þörf á að bæta aðgang að og þekkingu á menningu, listum og tungumálum norrænu grannríkjanna. Menningarsviðið sér um framkvæmd aðgerðanna. MR-SAM skipti fjárveitingunni í samræmi við áherslur í framtíðarsýninni á grundvelli tillagna frá MR-K að undangengnum viðræðum menningarsviðsins og Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.
- MR-SAM veiti **4,45 millj. da.kr.** til verkefna á vegum MR-U. Verkefni geta til dæmis verið á sviði norræns rannsóknasamstarfs. MR-SAM skipti fjárveitingunni í samræmi við áherslur í framtíðarsýninni á grundvelli tillagna frá MR-U að undangengnum viðræðum mennta- og rannsóknasviðsins og Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.
- MR-SAM veiti **250.000 da.kr.** til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar í starfsemi sem þróar vandaða blaðamennsku á Norðurlöndum og á þann hátt vinnur gegn falsfréttum og vísitandi dreifingu rangra upplýsinga.
- MR-SAM, auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun, veiti **750.000 da.kr.** til Norræna menningarsjóðsins í verkefni sem eiga að milda höggið af völdum COVID-19 á sviði menningarmála.
- MR-SAM, auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun, veiti **50.000 da.kr.** til Orkester Norden.
- MR-SAM veiti **250.000 da.kr.** til Norrænu bókmenntavíðunarinnar.
- MR-SAM, auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun, veiti **350.000 da.kr.** til menningarstyrkjaætlunarinnar sem Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) ræður yfir.
- MR-SAM, auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun, veiti **500.000 da.kr.** til að efla „Norrænt tungumálasamstarf“ á vegum menntasviðs.
- MR-SAM, auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun, veiti **200.000 da.kr.** til fjármögnunar á kennslugáttinni „Norðurlönd í skólanum“ undir liðnum starfsstyrkur til Sambands norrænu félaganna. Þar með nemi eyrnamerking til „Norðurlanda í skólanum“ alls einni millj. da.kr. af starfsstyrknum.
- MR-SAM veiti **500.000 da.kr.** til sérstakra hátíðahalda í tilefni af degi Norðurlanda 2022 fyrir ungt fólk í skólum á Norðurlöndum.
- MR-SAM, auk fjárveitinga í fjárhagsáætlun, veiti **500.000 da.kr.** til að styðja NordJobb.

- MR-SAM veiti **800.000 da.kr.** til fagsviðs umhverfis- og loftslagsmála í því skyni að undirbúa og jafnvel koma á fót norrænum sjóði æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni. Við undirbúning málsins fari fram viðræður hlutaðeigandi aðila, þeirra á meðal nefnd Norðurlandaráðs um sjálfbær Norðurlönd.

Auk ofangreinds samkomulags um fjárhagsáætlun er MR-SAM, í framhaldi af viðræðum við Norðurlandaráð, kunnugt um eftirfarandi:

Að því er varðar ráðherranefnd á sviði samgöngumála eru löndin ekki einhuga að svo stöddu. Það útilokar þó ekki samstarf á öðrum stjórnsýslustigum. Í framkvæmdaáætlun framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 er umtalsverðum fjármunum ráðstafað til vinnu á sviði grænna samgangna. Viðræður hlutaðeigandi aðila um möguleika á norrænni ráðherranefnd um samgöngumál halda áfram.

Að lokinni frekari umfjöllun um tillögu Norðurlandaráðs um að koma á fót sjóði æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni verði möguleikar á fjármögnun árið 2023 kannaðir.

Núverandi og verðandi fulltrúar formennskulands Norrænu ráðherranefndarinnar koma til fundar við fulltrúa Norðurlandaráðs í lok árs 2021 til að hefja viðræður um gerð norrænna fjárhagsáætlana í framtíðinni.

Fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar 2022

Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2022 nemur samtals **987.488 þús. danskra króna** (á verðlagi ársins 2022) og er það óbreyttur rammi að raungildi frá fjárhagsáætluninni 2021.

Rammann er hægt að sundurliða á eftirfarandi hátt:

Heildarrammi	þús. DKK
Samþykkt fjárhagsáætlun 2022 á verðlagi ársins 2021	969.023
Áhrif verðlagsstuðla á verðlagi ársins 2022	17.025
Áhrif gengisbreytinga milli ára	1.440
Samtals á verðlagi ársins 2022	987.488

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun ársins 2022 koma til verðbætur að upphæð 17.025 þús. danskra króna en það jafngildir hækkun fjárhagsáætlunar um u.þ.b. 1,8 prósent. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur felur í sér hækkun á fjárhagsáætlun að fjárhæð 1.440 þús. danskra króna Taka ber fram að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á umfang fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana í danskar krónur en þær eru greiddar út í gjaldmiðli búsetulandsins.

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Kveðið er á um starfsemi ráðherranefndarinnar í Helsingforssamningnum frá árinu 1971. Löndin fara með formennsku í ráðherranefndinni til skiptis í eitt ár í senn. Noregur tekur við formennskunni af Finnlandi árið 2022. Norrænu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera almenna ábyrgð á samræmingu samstarfsins. Þar fyrir utan fer samstarfið fram í ellefu fagraráðherranefndum. Taflan á næstu blaðsíðu sýnir skiptingu fjárveitingu milli ráðherranefndanna.

Í samræmi við umbótaferlið Nyt Norden 1.0 hafa fjárhagsáætlanir frá og með árinu 2017 falið í sér almenna samþykkt sem heimilar pólitíska endurröðun fjárveitinga í sérstökum tilvikum. Hugmyndin að baki samþykktinni er að það eigi að vera pólitískt mögulegt að bregðast við nýrri þörf þegar upp koma sérstakar aðstæður sem krefjast breytinga á fjárhagsáætluninni. Samþykktin veitir samstarfsráðherrunum umboð til að færa fjármuni milli liða í fjárhagsáætluninni í sérstökum tilvikum og innan eigin ramma. Samþykktin heimilar einnig samstarfsráðherrunum í sérstökum tilvikum og að fenginni tillögu viðkomandi ráðherranefndar að samþykkja millifærslur innan fjárhagsáætlunarramma annarra fagsviða. Hafa skal samráð við Norðurlandaráð þegar samþykktinni er beitt, sjá að öðru leyti viðauka með reglum Norrænu ráðherranefndarinnar um ráðstöfun fjár.

		Fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun	Mismunur	
		2022	2021	Nafnv.	Leiðr.
1.	MR-SAM, samstarfsráðherrarnir	273.296	273.992	-696	-7.125
a.	Norðurlönd verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær	119.319	128.930	-9.611	-16.379
b.	Alþjóðasamstarf	58.653	56.176	2.477	4.074
	i. Þar af skrifstofurnar*	13.703	14.876	-1.173	-876
c.	Skrifstofuhald	95.324	88.886	6.438	5.180
	i. Þar af skrifstofan (NMRS)	85.116	81.680	3.436	2.178
2.	MR-U, menntamál og rannsóknir	204.754	207.550	-2.796	-7.250
a.	Almenn framlög til menntamála og rannsókna	200	1.000	-800	-800
b.	Stefnumörkun o.fl.	15.304	17.034	-1.730	-1.897
c.	Ferðastyrkja- og samstarfsnetaáætlanir	78.528	78.299	229	-932
d.	NordForsk (stofnun)	108.899	109.421	-522	-3.621
e.	Annað rannsóknasamstarf	1.823	1.796	27	0
3.	MR-S, félags- og heilbrigðismál	41.564	41.124	440	-500
	i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)	18.811	18.265	546	-222
4.	MR-K, menningarmál	158.190	163.433	-5.243	-7.250
a.	Almenn framlög til menningarmála	45.983	48.355	-2.372	-2.890
b.	Kvikmyndir og fjölmiðlar	31.671	31.840	-169	-637
c.	Styrkjaáætlanir	31.397	31.585	-188	-652
d.	Menningarstofnanir	43.445	44.865	-1.420	-1.922
e.	Önnur framlög til menningarmála	5.694	6.788	-1.094	-1.149
5.	MR-FJLS, fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt	48.017	45.199	2.818	1.750
a.	Fiskveiðar	6.660	6.660	0	0
b.	Landbúnaður og skógrækt	31.467	30.399	1.068	0
	i. Þar af NordGen (stofnun)	23.591	22.628	963	0
c.	Matvæli	6.270	6.270	0	0
6.	MR-JÄM, jafnréttismál og	11.455	11.414	41	0

LGBTI					
7.	MR-VÆKST, sjálfbær hagvöxtur	142.861	133.146	9.715	6.500
a.	Atvinnustefna	89.996	84.729	5.267	3.000
i.	Par af Norræna nýsköpunarmiðstöðin (stofnun)	73.780	71.680	2.100	0
b.	Orkumál	18.822	15.551	3.271	3.000
i.	Par af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	9.522	8.666	856	585
c.	Byggðamál	34.043	32.866	1.177	500
i.	Par af Nordregio (stofnun)	10.892	10.293	599	154
8.	MR-MK, umhverfis- og loftslagsmál	73.492	60.023	13.469	13.250
9.	MR-A, vinnumál	14.023	14.431	-408	-500
i.	Par af NIVA (stofnun)	3.692	3.661	31	-17
10.	MR-FINANS, efnahags- og fjármál	1.592	1.592	0	0
11.	MR-JUSTITS, dómsmál	1.193	1.193	0	0
12.	MR-DIGITAL, stafræn væðing	17.051	15.926	1.125	1.125
Norræn heildarfjárhagsúætlun		987.488	969.023	18.465	0

*Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi.

Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu 2022

Norðurlönd samþykktu í ágúst 2019 nýja framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar, að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Framtíðarsýnin hefur leitt til breyttrar forgangsroðunar og átaksverkefna til að tryggja að allt starf styðji á skýran hátt hin þrjú stefnumarkandi áherslusvið sem eru græn Norðurlönd, samkeppnisfær Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Framtíðarsýn okkar 2030



Markmiðin tólf í framtíðarsýninni kveða á um ávinning sem verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar eiga að skila 2021–2024

Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 og hinna þriggja stefnumarkandi áherslusviða. Í byrjun árs 2020 tóku samstarfsráðherrarnir ákvörðun um samtals tólf markmið með hinum stefnumarkandi áherslusviðum og um sérstaka áherslu á þverlægt samstarf fagsviðanna í þeim tilgangi að greiða fyrir framkvæmd framtíðarsýnarinnar.

Til að skýra enn nánar hvernig vinna skuli að markmiðum framtíðarsýnarinnar var í desember 2020 samþykkt framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021–2024. Í henni er farið yfir þau mikilvægu verkefni og þróunarsvið sem eiga að stuðla að því að markmið framtíðarsýnarinnar náist og styrkja þverlægt samstarf allra sviða Norrænu ráðherranefndarinnar.

- Markmið 1** Efla rannsóknir og þróun auk þess að vinna að lausnum sem stuðla að kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun, meðal annars á sviði samgöngumála, bygginga, matvæla og orkumála
- Markmið 2** Eiga þátt í að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum
- Markmið 3** Efla sjálfbært hringrásarhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakerfi og auðlindanýtnar og eiturefnalausar hringrásir á Norðurlöndum
- Markmið 4** Auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur með sameiginlegum aðgerðum um sjálfbæra neyslu
- Markmið 5** Stuðla að jákvæðri þróun alþjóðasamstarfs um umhverfis- og loftslagsmál, t.a.m. með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víðar um heim
- Markmið 6** Styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum alls staðar á Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi
- Markmið 7** Þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálsa för á Norðurlöndum
- Markmið 8** Njóta góðs af stafrænum umskiptum og menntun til að binda Norðurlöndin enn sterkari böndum
- Markmið 9** Stuðla að því að allir fái notið góðrar heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veitt er á jafnréttisgrundvelli og með tryggu aðgengi
- Markmið 10** Beita okkur fyrir því að allur almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og vinna gegn því að umskiptin auki ójöfnuð í samfélaginu
- Markmið 11** Veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi, einnig að auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu frændþjóðanna
- Markmið 12** Viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, þátttöku allra, jafnræði og tjáningarfrelsi

Framtíðarsýnin felur í sér breytta forgangsröð til styrktar grænum verkefnum

Í febrúar 2020 samþykktu samstarfsráðherrarnir breytingar á fjárveitingum í fjárhagsáætluninni. Ákvörðunin felur í sér breytingar á forgangsröðun fjár til ráðherranefndanna í þeim tilgangi að efla grænt frumkvæði og skapa á þann hátt betra jafnvægi milli stefnumarkandi áherslusviða framtíðarsýnarinnar. Breytingar á forgangsröðun fjár verða innleiddar í áföngum á tímabilinu 2021–2024.



Þegar breytingarnar eru gengnar í gegn verður búið að endurskoða 170 milljónir danskra króna árið 2024 sem svarar til rúmlega 1/6 af heildarfjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar sem nemur um einum milljarði danskra króna. Það er einkum græna sviðið sem mun eflast um meira en 100 milljónir danskra króna árið 2024 þegar áhrif endurskoðunarinnar eru komin í ljós.

Hvað varðar fjárhagsáætlunarramma árið 2022 samþykktu samstarfsráðherrarnir ramma til bráðabirgða fyrir árin 2022–2024. Rammarnir eru til bráðabirgða vegna þess að þeir eru háðir samþykki þjóðþinganna á ári hverju.

(millj. DKK á verðgildi ársins 2020)	2020	2021	2022	2023	2024
MR-SAM	251,625	227,445	220,320	215,195	203,070
MR-DIGITAL	15,458	15,926	17,051	18,176	19,301
MR-U	224,723	211,666	204,416	197,166	189,916
MR-S	42,331	40,737	40,237	39,737	39,237
MR-K	180,255	161,858	154,608	147,358	140,108
MR-FJLS	43,926	44,841	46,591	47,341	49,091
MR-JÄM	11,671	11,369	11,369	11,369	11,369
MR-VÆKST (atvinnustefna)	86,241	88,313	91,313	94,313	98,313
MR-VÆKST (orkustefna)	12,832	16,000	19,000	22,000	26,000
MR-VÆKST (byggðastefna)	32,848	32,499	32,999	33,499	33,999
MR-MK	47,555	59,776	73,026	85,276	101,526
MR-A	15,223	14,330	13,830	13,330	12,830
MR-FINANS	1,634	1,592	1,592	1,592	1,592
MR-LOV	1,225	1,193	1,193	1,193	1,193
Frátekið fé		40,000	40,000	40,000	40,000
Samtals	967,547	967,547	967,547	967,547	967,547

Kökuritin tvö hér að neðan sýna í stórum dráttum hvernig fjármunirnir árið 2022 skiptast niður á stefnumarkandi áherslusviðin þrjú og markmiðin tólf í framtíðarsýninni. Rétt er að taka fram að skiptingin byggist á mati sem skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar gerði fyrir hvert svið að því virtu hvernig fjárhagsáætlunarliðir sviðanna stuðluðu að árangri markmiða framtíðarsýnarinnar. Samanburður á fjárveitingum til grænna Norðurlanda (39 prósent), samkeppnishæfra Norðurlanda (33 prósent) og félagslega sjálfbærra Norðurlanda (28 prósent) sýnir með skýrum hætti að málaflokkarnir njóta allir forgangs en að græn umskipti fái stærsta hluta fjármögnunarinnar.

Fjárhagsáætlun 2022 skipt upp eftir hinum þremur stefnumarkandi áherslum og markmiðunum 12
(G = Græn, S = Samkeppnishæf, F = Félagslega sjálfbær)




Svona birtist vinna á grundvelli Framtíðarsýnar okkar 2030 í Verkefna- og fjárhagsáætlun ársins 2022

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á að ná markmiðunum í Framtíðarsýn okkar 2030 í starfsemi sinni og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Heildarrammi norrænu fjárhagsáætlunarinnar helst óbreyttur miðað við 2020. Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er tekið fram í inngangsorðum hvers liðar hvernig verkefni og framlög í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar fylgja markmiðunum tólf í framtíðarsýninni. Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var einnig skoðað hvort verkefnin undir hverjum lið framfylgi að einhverju leyti þverlægum áherslum á jafnrétti, sjálfbærni (heimsmarkmið SP) og málefni barna og ungmenna.

Fjárhagsáætlunin er unnin með hliðsjón af tillögum fagráðherranefndanna að forgangsörðun og var hún lögð fram sem tillaga framkvæmdastjórans í júní 2021. Að því loknu var tillagan send löndunum til umsagnar. Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsáætlunartillöguna í september 2021. Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu síðan endanlega fjárhagsáætlun ársins 2022 á Norðurlandaráðsþinginu í nóvember 2021 eftir viðræður við Norðurlandaráð.

Eftirfylgni við árangur og matsgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni

Eftirfylgni við árangur og matsgerðir er mikilvægt verkfæri í fjárhagsáætlunarferli Norrænu ráðherranefndarinnar. Á þann hátt er hægt að nýta þekkingu sem skapast sem grundvöll fyrir nýjar pólitískar frumkvæðisaðgerðir. Í inngangsorðum hverrar ráðherranefndar í fjárhagsáætlunarritinu og undir hverjum fjárhagsáætlunarlið er greint frá árangri fjárveitingarinnar. Greinargerðir um árangur og matsgerðir verða væntanlega í vaxandi mæli lagðar til grundvallar þegar fé er forgangsraðað í norrænu fjárhagsáætluninni. Við vinnslu á fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er miðað við árið 2020 sem er síðasta fjárhagsár sem lokið er og hægt að meta árangurinn á. Árið 2020 voru um 400 pólitískt samþykkt markmið þvert á allar ráðherranefndir. Af þeim teljast um 96 prósent vera uppfyllt að fullu eða að hluta en 4 prósent teljast ekki uppfyllt eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Bróðurhluti norrænna fjárveitinga nýtist samnorrænum verkefnum og áætlunum auk norrænu stofnananna. Umfangsmikið mat fer fram á verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar. Stórar stefnumótandi aðgerðir eins og til dæmis forsætisráðherraverkefnið Grænn hagvöxtur eru ávallt metnar þegar þeim lýkur. Þá er viðtekin venja að framkvæma mat þegar nýjar stefnur og áætlanir eru undirbúnar á fagsviðunum. Matsniðurstöðurnar eru hafðar til hliðsjónar við ákvarðanir um frekari aðgerðir á sviðunum.

Við ákvarðanir um stofnanirnar er árangur starfsins út frá kröfum í fjárveitingarbréfinu hafður til hliðsjónar en greint er frá honum í ársskýrslunni. Öll verkefni og áætlanir eru metnar í lokin samkvæmt starfsreglum og venju.

Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvari heildarfjárhagsramma að frádregnum gjöldum af launum starfsfólks, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér á eftir. Framlög landanna eru ákveðin samkvæmt skiptireglu sem styðst við hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð síðustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um á Norðurlöndum (fyrir fjárhagsáætlun 2022 eru það árin 2018 og 2019).

TEKJUR	2019		2020		2021		2022	
Þús. DKK (á verðlagi ársins)	Fjárh.- áætlun	Skipti- regla	Fjárh.- áætlun	Skipti- regla	Fjárh.- áætlun	Skipti- regla	Fjárh.- áætlun	Skipti- regla
Gjöld af launum	13.500		13.500		13.500		13.500	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	0		0		0		0	
Framlög landanna	943.179		954.047		955.523		973.988	
Danmörk	201.840	21,4%	207.521	21,8%	208.304	21,8%	216.540	22,2%
Finnland	155.625	16,5%	158.313	16,6%	159.572	16,7%	164.431	16,9%
Ísland	12.261	1,3%	14.517	1,5%	15.288	1,6%	15.704	1,6%
Noregur	267.863	28,4%	265.352	27,8%	265.635	27,8%	270.096	27,7%
Svíþjóð	305.590	32,4%	308.345	32,3%	306.723	32,1%	307.217	31,5%
Alls:	956.679	100%	967.547	100%	969.023	100%	987.488	100%

Greiðsluákvæði æðri menntunar

Samningur um aðgang að æðri menntun kveður á um að greiðslur milli landa skuli gerðar upp í framlögum þeirra til árlegrar fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Ákvæðið hefur áhrif á framlög landanna í hinn samnorræna sjóð. Greiðsluákvæðið gildir um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðsluákvæðið gildir ekki um Álandseyjar, Færeyjar, Grænland og Ísland. Er því tekið tillit til innbyrðis skiptingar greiðslna milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar samkvæmt greiðsluákvæðinu í framlögum landanna til fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2018 var ákveðið að framlengja samninginn um óákveðinn tíma.

Í samningnum er ákvæði um að greiða skuli fyrir 75 prósent námsfólks sem fær námslán í búsetulandinu samkvæmt reglum sem þar gilda og er innritað í háskólanám í öðru landi eins og kveðið er á um í 1. gr. samningsins. Nemar í rannsóknarnámi og ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með í útreikningunum.

Árleg greiðsla fyrir hvern námsmann er 32.141 danskra króna árið 2022.

Ráðherranefndinni berast hagtölur frá menntasjóðum landanna sem stuðst er við þegar reiknaður er út fjöldi námsfólks sem fer á milli landa og ákvæðið gildir um.

Greiðslur, æðri menntun (þús. DKK)

	Fjárhagsáætlun 2019*	Fjárhagsáætlun 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
Danmörk	-74.000	-62.983	-59.627	-58.429
Finnland	54.084	53.985	51.119	44.073
Ísland	0	0	0	0
Noregur	50.160	43.655	43.594	43.019
Svíþjóð	-30.244	-34.657	-35.086	-28.663
Alls:	0	0	0	0

* Fjárhæðirnar fela í sér tillögu að leiðréttingu misræmis á árunum 2014–2018.

Hér að neðan sjást framlög landanna til Norrænu ráðherranefndarinnar í eigin gjaldmiðli samkvæmt gengi sem samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið. Fjárhæðirnar eru með tilliti til greiðsluákvæðis vegna æðri menntunar.


Fjárhagsáætlun 2022 – framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Danmörk	156.833 þús. DKK
Finnland	27.899 þús. EUR
Ísland	322.822 þús. ISK
Noregur	434.030 þús. NOK
Svíþjóð	378.622 þús. SEK

Þróun fjárhagsáætlana og lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar

Þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar

Ein leið til að sjá hvernig fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar þróast um langt skeið er að bera hann saman við samanlagða verga þjóðarframleiðslu landanna. Verg þjóðarframleiðsla Norðurlanda er samanlögð verg þjóðarframleiðsla Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Súluritið hér að neðan sýnir hlutfall fjárhagsrammans af vergri þjóðarframleiðslu landanna frá árinu 1995. Það sýnir að fjárhagsrammi ráðherranefndarinnar hefur minnkað hlutfallslega á tímabilinu í samanburði við verga þjóðarframleiðslu.




Hlutfall norrænnar fjárhagsáætlunar af VÞF landanna

Heimild: Eurostat, maí 2021

Samanburðurinn er gerður á tímabilinu 1995–2020 þar sem vísitala ársins 1995 er 100. Þetta tímabil var valið vegna þess að tölur um verga þjóðarframleiðslu frá þessum árum lágu fyrir við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Helsta skýringin á hlutfallslegri aukningu fjárhagsrammans 2009 er efnahagskreppan 2008. Verg þjóðarframleiðsla allra landanna dróst saman á árinu 2009 miðað við 2008. Fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar var því hlutfallslega hærri árið 2009 miðað við verga þjóðarframleiðslu landanna.

Þróun fjárhagsáætlunar á árunum 2009–2022



Þróun fjárhagsáætlunar á árunum 2009–2022 (mDKK)

Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsramma ársins 2022 og er hann sambærilegur ramma ársins 2021.

Hækkun milli ára 2007–2008 ber að skoða í ljósi þess að ákveðið var í fjárhagsáætlun 2008 að fjármagna hluta hnattvæðingarverkefnis sem forsætisráðherrarnir kynntu í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007. Heildarrammi verkefnisins var 60 milljónir danskra króna og var aðgerðaramminn rýmkaður um 35 milljónir danskra króna.

Sökum gengisbreytinga dróst fjárhagsramminn saman á föstu verðlagi milli árunna 2009 og 2010 en fjárhagsrammi ársins 2011 náði ekki sömu stærð og árið 2009. Ástæðan var sú að gengi norsku og sænsku krónunnar lækkaði töluvert gagnvart dönsku krónunni frá seinni hluta árs 2008 fram á mitt ár 2009. Hækkunin milli árunna 2011 og 2012 hélt áfram árið 2013 vegna gengisbreytinga þegar norska og sænska krónan styrktust gagnvart dönsku krónunni. Skýra má tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi á árinu 2015 miðað við 2014 og áfram á árinu 2016 með því að norska og sænska krónan veiktust gagnvart dönsku krónunni en einnig með niðurskurði í fjárhagsáætlun á árunum 2014–2016. Gengi norsku og sænsku krónunnar hélt áfram að falla sem skýrir lækkunina á tímabilinu 2016–2021.

Þróun óráðstafaðs fjár á árunum 2017–2020

Óráðstafað fé er skilgreint sem fé sem ekki er búið að ákveða hvernig eigi að verja. Óráðstafað fé kemur einungis fyrir í fjárlagaliðum sem varða framlög til verkefna og áætlana vegna þess að framlög ráðherranefndarinnar til stofnana og samtaka eru greidd að fullu til utanaðkomandi aðila sem hafa ráðstöfunarrétt yfir fénu. Þess vegna er þetta fé alltaf skilgreint sem 100 prósent ráðstafað fé í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar. Fjárveitingar til verkefna og styrkja námu alls um 62 prósentum af fjárhagsramma ráðherranefndarinnar árið 2020.

Þegar fjárhagsáætlunarferlið var endurskoðað og hugmyndalisti framkvæmdastjórans samþykktur árið 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að innleiða 20-prósentreglu með

lágmarksupphæð sem nam 200.000 danskra króna. Í henni fólst að ekki mátti yfirfæra meira en 20 prósent af tilteknum fjárlagalið til næsta árs en þó allt að 200.000 danskra króna. Þegar fjárhagsáætlunin var endurskoðuð árið 2014 var reglunni breytt í 15-prósentreglu og lágmarksfjárhæðin lækkuð í 150.000 danskra króna. Þessi mörk eru sett af tilliti til lágra fjárhagsáætlunarliða sem kæmu illa út ef eingöngu væri beitt hlutfallsútreikningi.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í maí 2009 að frá og með starfsárinu 2009 skyldi fé sem stæðist ekki 15-prósentregluna renna aftur til landanna þar til búið væri að endurgreiða samtals 35 milljónir danskra króna. Ákvörðunin var tekin í ljósi þess að fjárhagsramminn hafði verið aukinn í eitt skipti árið 2008 um 35 milljónir danskra króna til fjármögnunar á hnattvæðingarverkefnum.

Í töflunni hér að neðan sést hvernig óráðstafað fé raðast á ráðherranefndirnar í þúsundum danskra króna og hlutfall þess af heildarfjárhagsramma fagsviðanna.


Óráðstafað fé í lok árs 2017–2020 (þús. DKK)									
Fagsvið	2017	% af stærð sviðsins	2018	% af stærð sviðsins	2019	% af stærð sviðsins	2020*	% af stærð sviðsins	Lækkað skv. 15%-reglu
Starf að framtíðarsýn	3.185	3,5%	1.956	2,2%	5.116	1,9%	18.994	21,0%	4.338
Alþjóðasamstarf	1.526	2,8%	3.185	5,3%	3.535	5,8%	16.326	27,2%	394
Menntamál og rannsóknir	706	0,3%	1.220	0,6%	1.700	0,8%	0	0%	1.328
Félags- og heilbrigðismál	612	1,6%	399	0,9%	1.192	2,9%	11.695	27,6%	4.020
FJSL	421	1,0%	116	0,3%	285	0,7%	5.262	12,0%	0
Menningarsamstarf	2.677	1,5%	3.314	1,9%	2.912	1,6%	7.982	4,4%	1.818
Jafnrétti	180	2,0%	363	3,9%	319	3,4%	1.783	15,3%	7
Sjálfbær hagvöxtur	288	0,2%	349	0,3%	120	0,1%	2.414	1,8%	565
Umhverfismál	514	1,1%	1.700	3,7%	2.470	5,2%	3.768	7,9%	193
Vinnumarkaður og vinnuvernd	330	2,3%	395	2,8%	234	1,6%	1.901	12,5%	356
Fjármálastefna	165	8,8%	41	2,6%	102	6,3%	245	15,0%	0
Dómsmál	10	0,7%	0	0,0%	0	0,0%	342	27,9%	48
Önnur starfsemi	1.727	1,6%	2.857	2,5%	1.601	1,4%	2.287	6,6%	0
ALLS	12.341	1,3%	15.893	1,7%	19.586	2,0%	71.902	7,4%	13.067

*Ýmsar tæknilegar lagfæringar hafa verið gerðar á reikningshaldinu 2020 og því er ekki hægt að bera tölurnar saman við fyrri ár.

Þróun lausafjárstöðu

Á línuritinu hér að neðan eru tvær línur. Gula línan sýnir hámark lausafjárstöðu á hverjum ársfjórðungi, sú svarta sýnir lágmark hennar. Lausafjárstaða er heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar þegar lausafé í erlendum gjaldmiðli hefur verið umreiknað í danskar krónur.

Þegar nýtt fjárhagskerfi var tekið í notkun urðu tæknilegar truflanir á framkvæmd greiðslna hluta ársins 2019 og 2020. Fyrir vikið var lausafjárstaðan hærri en hún hefði verið undir eðlilegum kringumstæðum. Línuritið var ekki uppfært enda hefði það verið villandi.



Þróun lausafjárstöðu 2010-2019

Frá og með reikningsárinu 2008 var framlag landanna innheimt fjórum sinnum á ári en ekki tvisvar eins og áður var og því breyttist mynstur lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Um mitt ár 2014 hófu löndin að greiða átta sinnum á ári, fjórar greiðslur í dönskum krónum og fjórar í eigin gjaldmiðli.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í nóvember 2010 að færa greiðslur landanna til um tvo mánuði. Áhrifin urðu þau að heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar lækkaði verulega strax á árinu 2011 og á ákveðnum tímum árs er hún nálægt núlli. Því ákvað norræna samstarfsnefndin (NSK) í desember 2018 til bráðabirgða að breyta inngreiðslukerfinu árið 2019 á þann hátt að löndin greiddu 40 prósent af framlögum sínum í dönskum krónum á fyrsta ársfjórðungi en 20 prósent á seinni ársfjórðungi. Þetta fyrirkomulagi var einnig haft árin 2020 og 2021. Málefnið er enn til afgreiðslu í samstarfsnefndinni og hjá samstarfsráðherrunum. Um síðustu lausafjárstöðu vísast til fundarliðar samstarfsnefndarinnar nr. 40/21 frá júnífundinum 2021.

Yfirlit yfir liði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-SAM: Norðurlönd verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær		119.319	128.930
	<i>40 millj. DKK-sjóðurinn</i>	<i>40.000</i>	<i>40.000</i>
1-1060	Sjóður til að efla græn Norðurlönd	17.100	16.100
1-1061	Sjóður til að efla samkeppnisfær Norðurlönd	12.000	12.500
1-1062	Sjóður til að efla félagslega sjálfbær Norðurlönd	10.900	11.400
	<i>Formennskusjóðurinn, Ísland</i>	<i>0</i>	<i>15.000</i>
1-8031	Hafið – blár hagvöxtur í norðri	0	5.000
1-8032	Sjálfbær ferðamennska í norðri	0	5.000
1-8033	Ungt fólk á Norðurlöndum	0	5.000
	<i>Formennskusjóðurinn, Finnland</i>	<i>5.000</i>	<i>5.000</i>
1-8037	Samstarfslíkon sem virka og áskoranir sem hafa áhrif á samþættingu innan Norðurlanda	0	1.000
1-8038	Stafræn umskipti skapa einfaldasta hversdagslíf í heimi og hreyfanleika milli landa	2.500	2.000
1-8039	Norrænt samstarfsnet um hringrásarbyggingar	2.500	2.000
	<i>Formennskusjóðurinn, Danmörk</i>	<i>15.000</i>	<i>15.000</i>
1-8034	Norræn ungmenni í sjálfbæru félagsstarfi	5.000	5.000
1-8035	Sjálfbær þróun strandsamfélaga á Norðurlöndum	5.000	5.000
1-8036	Framtíðarsýn verður að veruleika – framtíðarorkulausnir á afskekktum svæðum	5.000	5.000
	<i>Norðurlönd verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær</i>	<i>59.319</i>	<i>53.930</i>
1-8410	Pólitísk forgangsgröðun	0	0
1-8411	Pólitískar frumkvæðisaðgerðir	7.500	7.500
1-8412	Til ráðstöfunar MR-SAM	8.082	5.001
1-8420	Kynning og mörkun stöðu	6.250	7.000
1-8510	Ný þverlæg frumkvæði	0	0
1-8520	Norrænar lausnir á hnattrænum samfélagsáskorunum	0	0
1-0410	Samband Norrænu félaganna	4.132	4.271

1-0425	Framlag til Grænlands	778	778
1-0460	Sjálfbær þróun (áður Sjálfbær Norðurlönd)	5.500	4.500
1-1012	Norðurlönd í brennidepli	4.956	5.033
1-1030	Info Norden	6.916	6.964
1-1036	Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum	5.055	5.255
1-1050	Embættismannaskipti	2.030	509
1-2534	Framlög til Norræna sumrháskólans (NSU)	0	0
1-2212	Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	8.120	7.119

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-SAM: Skrifstofuhald		95.324	88.886
	<i>Skrifstofuhald</i>	95.324	88.886
1-0435	Varasjóður framkvæmdastjóra	445	445
1-1011	Upplýsinga- og samskiptastarf (áður upplýsingastarf)	3.072	3.072
1-1013	Hagtölur	4.000	3.689
1-0180	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	85.116	81.680
1-0181	UT-fjárfestingar á skrifstofu ráðherranefndarinnar (NMRS)	2.691	0

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-SAM: Alþjóðasamstarf		58.653	56.176
1-0820	Grannsvæðasamstarf Norðurlanda	25.700	26.500
1-0980	Samvinnuverkefni og samstarf á landamærasvæðum	0	0
1-0810	Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi	13.703	14.876
1-0850	Alþjóðastarf	0	0
1-0851	Styrkur til samstarfs norrænna sendiskrifstofa	7.750	4.000
1-0870	Samstarfsáætlun um málefni norðurslóða	10.000	9.300
1-0990	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	1.500	1.500

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-U		204.754	207.550
	<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	200	1.000
2-2505	Ráðstöfunarfé: Menntamál og rannsóknir	200	1.000
	<i>Stefnumótun o.fl.</i>	15.304	17.034
2-2544	Um norrænt tungumálasamstarf	4.283	5.431
2-3127	Stefnumörkun um nám fullorðinna	7.004	7.953
2-2506	Stefnumarkandi norrænt samstarf um menntamál	4.017	3.650
	<i>Ferðastyrkja- og samstarfsnetaáætlanir</i>	78.528	78.299
2-2513	Nordplus	78.426	77.892
2-2515	Norræn meistaranámsáætlun	102	407
	<i>Stofnun</i>	108.899	109.421
2-3100	Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	108.899	109.421
	<i>Annað rannsóknarsamstarf</i>	1.823	1.796
2-3180	Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA)	0	0
2-3181	Norræna sjóréttarstofnunin (NifS)	0	0
2-3182	Norræna stofnunin um Asiurannsóknir (NIAS)	0	0
2-3184	Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	0	0
2-3185	Norræna Samastofnunin (NSI)	1.823	1.796
Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-S		41.564	41.124
	<i>Verkefnafé</i>	22.753	22.859
3-4310	Verkefnafé: Félags- og heilbrigðismál	4.281	4.334
3-4311	Norrænt samstarf í heilbrigðismálum	3.405	3.447
3-4312	Norrænt samstarf í félagsmálum	3.420	3.462
3-4320	Norrænt samstarfsráð um málefni fólks með fötlun	1.196	1.193
3-4340	Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	2.095	2.089
3-4382	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS)	8.356	8.334
	<i>Stofnanir</i>	18.811	18.265
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin	18.811	18.265

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-K		158.190	163.433
	<i>Almenn framlög til menningarmála</i>	<i>45.983</i>	<i>48.355</i>
4-2203	Ráðstöfunarfé: Menningarmál	250	350
4-2205	Norræni menningarsjóðurinn	35.067	36.023
4-2206	Verðlaun Norðurlandaráðs	3.757	3.809
4-2208	Stefnumarkandi aðgerðir	6.909	8.173
	<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	<i>31.671</i>	<i>31.840</i>
4-2222	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	28.681	28.834
4-2228	Norræna gagnamiðstöðin um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.990	3.006
	<i>Listir</i>	<i>31.397</i>	<i>31.585</i>
4-2251	Menningar- og listaáætlunin	16.808	16.560
4-2253	Norrænir þýðingarstyrkir	3.314	3.332
4-2254	Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	11.275	11.693
	<i>Norrænu menningarhúsin (stofnanir)</i>	<i>43.445</i>	<i>44.865</i>
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík	10.288	10.792
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum	13.224	13.715
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.964	2.985
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi	6.092	6.073
4-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	10.877	11.300
	<i>Önnur framlög til menningarmála</i>	<i>5.694</i>	<i>6.788</i>
4-2232	Önnur menningarstarfsemi	1.992	2.884
4-2234	Menningarsamstarf Sama	3.702	3.904

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-FJLS		48.017	45.199
5-6420	Ráðstöfunarfé EK- FJLS (framkvæmdanefnd)	3.620	1.870
	<i>Fiskveiðar</i>	<i>6.660</i>	<i>6.660</i>
5-6610	Verkefnafé: Fiskveiðar	6.660	6.660
	<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	<i>31.467</i>	<i>30.399</i>
5-6510	Verkefnafé: Landbúnaður	403	403
5-6520	Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	971	957
5-6310	Verkefnafé: Skógrækt	326	326
5-6581	Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS)	6.176	6.085
	<i>Stofnanir – Landbúnaður</i>	<i>23.591</i>	<i>22.628</i>
5-6585	Norræna erfðaaðilindastofnunin (NordGen)	23.591	22.628
	<i>Matvæli</i>	<i>6.270</i>	<i>6.270</i>
5-6810	Verkefnafé: Matvæli	6.270	5.677
5-6830	Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	0	593

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-JÄM		11.455	11.414
	<i>Verkefnafé</i>	<i>11.455</i>	<i>11.414</i>
6-4410	Stefnumarkandi átaksverkefni jafnrétti	3.757	3.757
6-4411	Stefnumarkandi átaksverkefni LGBTI	743	743
6-4420	Norrænn LGBTI- og jafnréttissjóður	4.213	4.213
6-4480	Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði (NIKK)	2.742	2.701

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-VÆKST		142.861	133.146
	<i>Atvinnustefna</i>	<i>89.996</i>	<i>84.729</i>
7-5140	Verkefnafé: Atvinnulíf	4.913	4.913
7-5280	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	11.303	8.136
	<i>Stofnanir - Atvinnulíf</i>	<i>73.780</i>	<i>71.680</i>
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	73.780	71.680
	<i>Orkumál</i>	<i>18.822</i>	<i>15.551</i>
7-5141	Verkefnafé: Orkumál	9.300	6.885
	<i>Stofnun - Orkumál</i>	<i>9.522</i>	<i>8.666</i>
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	9.522	8.666
	<i>Byggðamál</i>	<i>34.043</i>	<i>32.866</i>
7-5143	Innleiðing samstarfsáætlunarinnar	7.411	7.169
7-5151	Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA)	7.135	6.926
7-5160	Samstarf á landamærasvæðum	8.605	8.478
	<i>Stofnanir - Byggðastefna</i>	<i>10.293</i>	<i>10.293</i>
7-6180	Nordregio	10.293	10.293

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-MK		73.492	60.023
8-3310	Ráðstöfunarfé: Umhverfismál	30.844	18.570
8-3311	Vinnuhópar á umhverfissviði	27.000	25.854
8-3312	Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	852	852
8-3320	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	10.150	10.170
8-6720	SVANURINN – Norræna umhverfismerkið	4.646	4.577

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-A		14.023	14.431
	<i>Verkefnafé</i>	<i>10.331</i>	<i>10.770</i>
9-4110	Stefnumarkandi átaksverkefni vinnumál	1.620	1.465
9-4111	Verkefnafé: Nefnd/vinnumál	4.100	4.212
9-4120	Nordjobb	3.001	3.438
9-4130	Upplýsinga- og samskiptastarf vinnumál	1.610	1.655
	<i>Stofnanir</i>	<i>3.692</i>	<i>3.661</i>
9-4180	Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	3.692	3.661

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
MR-FINANS		1.592	1.592
10-5210	Verkefnafé: Efnahags- og fjármál	1.592	1.592

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
Alls MR-JUST		1.193	1.193
11-7110	Verkefnafé: Dómsmál	1.193	1.193

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2022	Fjárhags- áætlun 2021
Alls MR-DIGITAL		17.051	15.926
15-8530	Stafræn umskipti	17.051	15.926

Fylgiskjal

Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli

FJÁRVEITINGAR NORRÆNNA STOFNANA		2022	2021	
MR-U				
2-3100	Norræna rannsóknaráððið (NordForsk)	151.249.000	154.114.000	NOK
MR-S				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	25.768.000	25.726.000	SEK
MR-K				
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	209.961.000	215.841.000	ISK
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	13.224.000	13.715.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Ålandseyjum (NIPÅ)	398.400	400.100	EUR
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.092.000	6.073.000	DKK
4-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	1.462.000	1.514.700	EUR
MR-FJLS				
5-6585	Norræna erfðaaðalindastofnunin (NordGen)	32.317.000	31.870.000	SEK
MR-VÆKST				
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	102.472.000	100.958.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	13.225.000	12.205.000	NOK
7-6180	Nordregio	14.920.000	14.497.000	SEK
MR-A				
9-4180	Stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	496.300	490.700	EUR

Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólguviðmið 2022

Gengi:

100 EUR	= 744 DKK
100 ISK	= 4,9 DKK
100 NOK	= 72 DKK
100 SEK	= 73 DKK

Verðbólguviðmið:

Danmörk	1,5 %
Finnland	1,6 %
Ísland	2,4 %
Noregur	1,5 %
Svíþjóð	1,4 %

Reikningsstuðull verkefna er 1,5 prósent.

Um ritið

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2022 – Samantekt

PolitikNord 2022:713

ISBN 978-92-893-7309-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-7310-4 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2022-713>

© Norræna ráðherranefndin 2022

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur